

Úrskurður nr. 7/2010.

Í dag var hjá embætti tollstjóra kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Kærandi: M

Kæruefni: Álagning vörugjalds á leigubifreið

I. Kæra

Með bréfi, dags. 6. janúar 2010, hefur A, f.h. B, kært skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 27. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti, o.fl. nr. 29/1993, ákvörðun Tollstjóra um álagningu 45% vörugjalds á leigubifreiðina X og innheimtu mismunar á fjárhæð vörugjalds sem greitt var við tollafgreiðslu og fulls vörugjalds auk virðisaukaskatts af því.

Kærandi krefst þess að ákvörðunin verði felld niður.

II. Málsmeðferð

Þann 31. júlí 2007 sótti kærandi, sem stundar leigubifreiðaakstur, um lækkun vörugjalds úr 45% í 13% af leigubifreiðinni X samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Sama dag undirritaði kærandi yfirlýsingu þar sem hann skuldbatt sig til að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru um nýtingu bifreiðarinnar, m.a. um lágmarkstekjur af leigubifreiðaakstri og skyldu til að senda Tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslu samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Í yfirlýsingunni er jafnframt kveðið á um skyldu kæranda til greiðslu ógreidds vörugjalds, verði brotið gegn fyrrgreindum skilyrðum sbr. 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar. Tollstjórinn í Reykjavík annaðist framkvæmd lækkunarinnar þann 31. júlí 2007.

Með bréfi dags. 23. september 2009 fór embætti tollstjóra þess á leit að staðfestu endurriti af skattskýrslum næsta heila almanaksárs eftir að eftirgjöf var veitt yrði skilað inn og veitti til þess 15 daga frest. Embættinu hafði ekki borist skattskýrsla innan frestsins og tók því ákvörðun um álagningu 45% vörugjalds á bifreiðina og innheimtu á mismuni á lækkuðu og fullu vörugjaldi, kr. 904.077, og virðisaukaskatti af mismuninum, kr. 221.499, alls kr. 1.125.576,00.

Kærandi var tilkynnt ákvörðunin með bréfi dags. 29. október 2009. Með bréfi dags. 9. nóvember 2009 skilaði kærandi gögnum til embættisins, þ.á.m. vottorði læknis vegna bílslyss, tjónskvittunum váttryggingarfélags og skattframtal 2009. Ákvörðun um innheimtu var endurupptekin þann 9. desember 2009 og ákvörðun um innheimtu vörugjalds tekin, byggð á þeim rökum að tekjur kærandi voru ekki nægjanlegar. Með bréfi dags. 6. janúar 2010, sem barst embættinu þann 11. janúar 2010 var ákvörðun um álagningu kærð.

III. Meginröksemdir kærandi

Kærandi telur sig uppfylla skilyrði um lágmarkstekjur. Hann hafi lent í slæmu umferðarslysi þann 29. febrúar 2008 og af þeim sökum verið mikið frá vinnu á árinu 2008 og fram undir mitt ár 2009. Hann hafi orðið að fá aðila til að keyra fyrir sig góðan hluta ársins 2008 en getað reiknað sér endurgjald að fjárhæð kr. 850.000,00. Aðkeypt vinna og þjónusta vegna aksturs á bifreiðinni voru 912.960,00 kr. eða samtals 1.762.960,00 kr. greitt endurgjald vegna aksturs bifreiðarinnar á árinu 2008. Þar fyrir utan hafi kærandi fengið í desember 2009 ákvörðun VÍS á bótum vegna tímabundins tekjutjóns vegna slyssins að upphæð 510.000,00 kr.

IV. Niðurstöður

Í 1. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. er kveðið á um að greiða skuli í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum sem skráningarskyld eru skv. umferðarlögum nr. 50/1987. Samkvæmt 3. gr. laganna skal vörugjald lagt á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., eftir gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum. Í flokk I falla ökutæki með 2.000 rúmsentímetra sprengirými eða minna og leggst á þau 30% vörugjald. Í flokk II falla ökutæki með yfir 2.000 rúmsentímetra sprengirými og leggst 45% vörugjald á þau. Bifreiðin X, sem er af gerðinni Mercedes Benz S320, fellur í flokk II og ætti því 45% vörugjald að leggjast á hana, ef engin undanþága fyrir atvinnutæki kemur til.

Á leigubifreiðar til fólksflutninga leggst lægra vörugjald samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna. Á ökutæki í flokki I leggst 10% vörugjald, en á ökutæki í flokki II leggst 13% vörugjald. Við tollafgreiðslu bifreiðarinnar X var lagt á hana 13% vörugjald þar sem hún er leigubifreið. Um er að ræða undanþágu frá skattskyldu sem bundin er ákveðnum skilyrðum, sem ávallt ber að túlka þröngt. Kveðið er á um frekari skilyrði fyrir lækkunina í reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum í samræmi við heimild í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993.

Álagning lægra vörugjalds á leigubifreiðar er m.a. háð því skilyrði samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar að réttshafi lækkunar vörugjalds hafi í tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það er ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, næsta heila almanaksár eftir að eftirgjöf var veitt, sbr. einnig texta yfirlýsingar sem undirrituð var þann 31. júlí 2007. Miðað er við flokk E4 í reglum nr. 3/2008 um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2008. Undir flokk E fellur ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda. Fyrir tekjuárið 2008 skal að jafnaði telja fram að lágmarki 2.664.000,00 kr. í tekjur í flokki E4. Réttshafi lækkunarinnar skal því hafa og telja fram a.m.k. 1.864.800,00 kr. vegna aksturs leigubifreiðar fyrir tekjuárið 2008. Rekstartengdur

hagnaður telst ekki hluti þessara tekna. Á skattframtali kæranda fyrir tekjuárið 2008 er í reit 2.4 gefið upp reiknað endurgjald að upphæð 840.000,00 kr., og eru framtaldar tekjur í reiknað endurgjald fyrir tekjuárið 2008 því 1.024.000,00 kr. eða u.þ.b. 45% undir því lágmarki sem farið er fram á til að skilyrði um lágmarkstekjur af akstri leigubifreiðar geti talist uppfyllt.

Í 4. másl. 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar er að finna undanþáguákvæði sem kveður á um heimild Tollstjóra til að fallast á lægra endurgjald enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur rétthafa sem réttlætt getur slíka ákvörðun, t.d. vegna alvarlegra veikinda eða ef bifreið ónýttist. Um er að ræða nýtt ákvæði, sem sett var með reglugerð til breytingar á reglugerð nr. 331/2000 nr. 446/2009. Ákvæðið veitir Tollstjóra heimild til að fallast á lægra endurgjald en kveðið er á um í þeim skilyrðum sem að öllu jöfnu ber að uppfylla til að lækkun vörugjalds samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum geti haldið gildi sínu. Því er um sérstaka undanþágu frá skattskyldu að ræða, sem legið getur fyrir þar sem skilyrði 1. másl. 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar hafa ekki verið uppfyllt. Ákvæðið ber því að túlka þröngt, í samræmi við viðtekin lögskýringarviðhorf. Því verður að telja rétt að einvörðungu sé hægt að líta til veikinda sem verða til þess að undanþáguþegi er tímabundið alfarið óvinnufær.

Samkvæmt þeim gögnum sem kærandi hefur lagt fyrir lenti hann í umferðarslysi í febrúar 2008. Í vottorði heimilislæknis kæranda kemur fram að slysið varð til þess að hreyfingar í hálsi urðu skertar og sárar og kærandi fái oftast höfuðverk en fyrir slysið. Hann þreytist fyrr og hafi ekki getað unnið meira en sem nemur 80% starfi. Vegna slyssins greiddi váttryggingafélag honum út alls 510.000,00 kr. í ætlað tekjutap. Embætti Tollstjóra fellst á að þessa upphæð beri að telja til tekna, sem annars hefði verið aflað með akstri leigubifreiðar. Hins vegar er ekki hægt að taka tillit til greiðslna þjáninga- og miskabóta, enda hafa slíkar bætur ekki tekjutengingu. Þegar framtaldar tekjur á skattframtali 2009 fyrir tekjuárið 2008 eru taldar saman teljast heildartekjur kæranda því 1.350.000,00 kr. Þessi upphæð er ríflega 310.000,00 kr. eða rúmlega 16% lægri en þær lágmarkstekjur sem rétthafa ber að telja fram eins og komið hefur fram að ofan.

Fyrir liggur að kærandi varð sannanlega fyrir slysi í febrúar 2008, eftir að hann hafði undirritað yfirlýsingu vegna lækkunar vörugjalds af leigubifreið. Því er um að ræða aðstæður sem ekki var hægt að gera ráð fyrir þegar hann gekkst undir að uppfylla skilyrði um lágmarkstekjur. Embætti Tollstjóra telur að heimilt sé að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármálaráðherra kveða á um í samræmi við 4. másl. 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000, þar sem þær tekjur sem kærandi telur fram í reiknað endurgjald af leigubifreiðaakstri ásamt því tekjutapi sem honum var greitt af váttryggingarfélagi vegna slyssins eru u.þ.b. 84% þeirra lágmarkstekna sem farið er fram á af leigubílstjórum til uppfyllingar fyrrgreindra skilyrða fyrir lækkun vörugjalds af leigubifreið. Þessi undanþága byggist á því að fyrir liggur vottorð læknis þess efnis að starfsorka kæranda sé u.þ.b. 80% vegna umferðarslyss þess, sem kærandi varð fyrir í febrúar 2008. Samkvæmt upplýsingum vottorðsins hefur kærandi talið fram lágmarkstekjur í samræmi við það sem honum var kleift að vinna eftir fyrrgreint slys.

Samkvæmt því sem greinir að ofan er ákvörðun um innheimtu lækkaðs vörugjalds vegna bifreiðarinnar X felld úr gildi byggt á undanþágu í 4. másl. 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000.

ÚRSKURÐARORÐ

Embætti tollstjóra úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun um álagningu vörugjalds á bifreiðina X, dags. 9. desember 2009 er felld úr gildi.

Kæruréttur

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga.

Fyrir hönd Tollstjóra

Helga Hauksdóttir, deildarstjóri
Lögfræðideild tollasviðs